

Umhverfisstofnun
Áb. <u>7B</u>
02 JUNI 2004
<u>45.20</u>
Tilv. <u>UST20040500123</u>

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegishverfi 24  
IS-102 Reykjavík, Ísland

☎ +354 591 2000  
fax +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

28. maí 2004

Tilvísun: UST20040500123/tb

## Efni: Þorskeldi allt að 1400 tonn á ári í Eskifirði og Reyðarfirði, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu á allt að 1400 t/ár þorskeldi í Eskifirði og Reyðarfirði. Framkvæmdaraðili er Eskja hf.

### Inngangur:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin telur gögnin lýsa nokkuð vel þeim aðstæðum sem eru á eldisstað og þeim umhverfisáhrifum sem búast má við að fyrirhugað þorskeldi muni valda. Umhverfisstofnun saknar hins vegar að engin umfjöllun er um fyrirhugað álver í Reyðarfirði og hugsanleg áhrif af þess völdum.

Umhverfisstofnun tekur undir að líklega megi flokka Reyðarfjörð og Eskifjörð sem síður viðkvæman viðtaka. Vegna mats á umhverfisáhrifum laxeldis í Reyðarfirði kom fram að þolmark fjarðarins, hvað lífræna mengun frá fiskeldi varðar, væri líklega ársframleiðsla rétt yfir 7.000 tonn. Miðað við núverandi framleiðslu er langt í að þeim mörkum verði náð. Ef laxeldi Samherja fer í 6.000 tonn, eins og gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar, og fiskeldi Eskju í 1.400 tonn á ári má gera ráð fyrir að þessum mörkum verði náð. Auk þess sem að búast má við töluverðri fjölgun íbúa á svæðinu. Eskifjörður er þröskuldsfjörður og í honum eru tvær lægðir þar sem hætta er á að mengun frá fyrirhuguðu þorskeldi geti safnast fyrir. Umhverfisstofnun telur því að vöktun þurfi að taka sérstaklega tillit til þessa.

Ekki kemur annað fram í innsendum gögnum en að eingöngu sé um að ræða áframeldi á villtum þorskastofnum (seiðum eða undirmálsfiski). Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að ætla að áhrif á villta þorskstofna geti verið neikvæð hvað „erfðamengun“ varðar.

Þar sem þéttleiki í sjókvíum er mikill er alltaf viss hætta á því að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfu fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna. Umhverfisstofnun vill benda á að út frá meðfylgjandi gögnum er ekki hægt að meta hvort t.d. einhver hætta sé á að sjúkdómar geti borist frá eldinu í náttúrulega fiskistofna. En ekki kemur fram um hvaða sjúkdóma gæti verið að ræða né hvar fiskur heldur sig aðallega í firðinum eða


hvar uppeldis- og/eða hrygningarstöðvar er að finna. Með sjókvíaeldi er alltaf tekin viss áhætta hvað þetta varðar. Að mati Umhverfisstofnunar verður því að fylgjast með lífríki fjarðanna, Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, til að athuga hvort fiskeldi í þeim hafi áhrif á náttúrulega stofna, en Reyðarfjörður er m.a. uppeldistöð fyrir þorsk.

#### Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur ekki hættu á að ofauðgun verði ef af fyrirhuguðu fiskeldi miðað við aðstæður í dag. Stofnunin telur ekki að miklar líkur séu á að lífríki verði fyrir miklum skaða á „stóru“ svæði sem muni hafa afgerandi áhrif á lífríki Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd megi haga vöktun á rekstri sjókvíaeldisins á þann hátt að ef í ljós kemur að fyrirhugað fiskeldi valdi meri áhrifum á umhverfið en gert er ráð fyrir megi koma í vega fyrir varanlegan skaða. Stofnunin telur að verði hætt við fiskeldi síðar meir séu framkvæmdirnar þess eðlis að þær eru að mestu afturkræfar.

Umhverfisstofnun telur ekki, að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að fyrrgreint þorskeldi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin byggir þá skoðun sína á áætluðu burðarþoli viðtakans, m.t.t. sammögnunaráhrifa, og að um er að ræða áframeldi á villtum þorskstofni. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gera ýrtruðu kröfur í starfsleyfi hvað vöktun og mengunarvarnir varðar.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson

  
Helgi Jónsson